

STARFSREGLUR

um samfélags- og fræðslunefnd þjóðkirkjunnar.

1. gr.

Hlutverk samfélags- og fræðslunefndar þjóðkirkjunnar er að eigin frumkvæði eða að ósk einstakra safnaða og kirkjulegra stofnana að boða til funda og málþinga um mál er snerta kirkju og samfélag í því skyni að vekja umræðu innan kirkju sem utan, veita fræðslu og afla sér þekkingar, og koma fram kristnum sjónarhornum.

Samfélags- og fræðslunefndin skal eftir því sem við á hafa samvinnu við nefndir og stofnanir kirkjunnar og samfélagsins um þau málefni sem hún tekur til umfjöllunar.

2. gr.

Samfélags- og fræðslunefnd þjóðkirkjunnar skilar kirkjuráði árlegri skýrslu, sem fjallað er um af kirkjuþingi.

Samfélags- og fræðslunefndin gerir starfs- og fjárhagsáætlun sem samþykkt er af kirkjuráði og lögð fyrir kirkjuþing til ályktunar.

3. gr.

Biskup Íslands skipar fimm fulltrúa í samfélags- og fræðslunefnd þjóðkirkjunnar til fjögurra ára og jafnmarga til vara. Kirkjuþing tilnefni tvo fulltrúa í nefndina og skal annar þeirra vera formaður hennar. Biskup Íslands skipar þrjá fulltrúa án tilnefningar úr röðum starfsmanna sinna. Starfsmennirnir skulu vera verkefnisstjórar frá fræðsluviði, kærleiksþjónustusviði og Starfs- og leikmannaskóla kirkjunnar. Nefndin skal skipa með sér verkum.

4. gr.

Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr kirkjumálasjóði og styrkjum er kunna að fást vegna verkefna á vegum nefndarinnar.

5. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu. Jafnframt falla brott starfsreglur um þjóðmálanefnd þjóðkirkjunnar nr. 1028/2007.

Ákvæði til bráðabirgða.

Kosið skal til samfélags- og fræðslunefndar þjóðkirkjunnar samkvæmt starfsreglum þessum á kirkjuþingi 2018 og gildir sú kosning út kjörtímabilið.

Reykjavík, 22. nóvember 2018.

Drífa Hjartardóttir forseti kirkjuþings.